

Breytingartillögur

við frv. til æskulýðslaga.

Frá minni hluta menntamálanefndar (MÁ, EMS, BjörgvS, KolH).

1. Við 10. gr. 3. mgr. orðist svo:
Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum sem 2. gr. tekur til, og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfbóðaliðastarfs.
2. Við 12. gr. 2. og 3. másl. 2. mgr. orðist svo: Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu Æskulýðsráðs, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Félagsfræðingafélags Íslands. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar.